

SAMNINGUR

milli

RAFIÐNAÐARSAMBANDS ÍSLANDS

vegna aðildarfélaga rafiðnaðarmanna

og

LANDSNETS HF.

1. janúar 2019 til 1. nóvember 2022

Efnisyfirlit

1. FORGANGSRÉTTUR OG STARFSSVIÐ	5
1.1 FORGANGSRÉTTUR.....	5
1.2 STARFSSVIÐ RAFVIRKJA, RAFVÉLAVIRKJA RAFEINDAVIRKJA, RAFIÐNFRÆÐINGA OG RAFFRÆÐINGA.....	5
1.3 STARFSSVIÐ RAFVEITUVIRKJA.....	5
1.4 STARFSSVIÐ AÐSTOÐARMANNA Í RAFGREINUM (LÍNUMANNA)	5
1.5 STARFSSKIPTING RAFIÐNAÐARMANNA.....	5
1.6 STÓRVERKEFNI	5
2. VINNUTÍMI, VINNUHLÉ O.FL.	6
2.1. DAGVINNA	6
2.2 MATAR- OG KAFFITÍMAR (<i>BREYTIST SAMHLIÐA UPPTÖKU VIRKS VINNUTÍMA FRÁ 1. APRÍL 2020</i>).....	6
2.2.1 <i>Kaffitímar á dagvinnutímabili</i>	<i>6</i>
2.2.2 <i>Kaffi- og matartímar í yfirvinnu.....</i>	<i>7</i>
2.2.3 <i>Vinna fram að kaffi- og matartímum í yfirvinnu</i>	<i>7</i>
2.3 STEFNA SAMNINGANNA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR YFIRVINNU	7
2.4. YFIRVINNA, HELGIDAGAR OG STÓRHÁTÍÐARDAGAR	7
2.5 ÚTKALL.....	7
2.6 MATAR- OG KAFFITÍMAR VAKTAVINNUMANNA	8
2.6.1 <i>Takmörkun matar- og kaffitíma.....</i>	<i>8</i>
2.6.2 <i>Matar- og kaffitímar á aukavöktum.....</i>	<i>8</i>
2.7 LÁGMARKSHVÍLD	8
2.7.1 <i>Tilhögun vinnutíma.....</i>	<i>8</i>
2.7.2 <i>Frávik og frittökuréttur</i>	<i>8</i>
2.7.3 <i>Hvöld undir 8 klst.</i>	<i>9</i>
2.7.4 <i>Vikulegur frídagur</i>	<i>9</i>
2.7.5 <i>Frestun á vikulegum frídegi</i>	<i>9</i>
2.7.6. <i>Vinna aðfararnætur frídaga.....</i>	<i>10</i>
2.7.7 <i>Uppsöfnun frídaga.....</i>	<i>10</i>
2.8 ÓLAUNAÐIR FRÍDAGAR Á FERÐUM	11
2.9 BREYTINGAR Á VINNUFYRIRKOMULAGI	11
2.10 KALLVAKTIR	11
2.11 TÍMABUNDIN RÁÐNING EÐA RÁÐNING HLUTA ÚR STARFI	11
2.12 SKRÁNING VINNUTÍMA.....	12
2.13 STYTTING VINNUSKYLDU.....	12
3. LAUN.....	13
3.1. MÁNAÐARLAUN	13
3.1.1 <i>Mánaðarlaun.....</i>	<i>13</i>
3.1.2 <i>Aðrar greiðslur</i>	<i>14</i>
3.3 VAKTAÁLAG.....	14
3.4 GREIÐSLA FYRIR KALLVAKTIR.....	15
3.5 HÆÐARÁLAG.....	15
3.6 STRAUMÁLAG	15
3.7 VERÐBÆTUR Á LAUN	15
3.8 LAUN FYRIR HLUTA MÁNAÐAR	15
3.9 TILFÆRSLUR MILLI STARFA	15
3.9.1 <i>Tímabundin afleysing</i>	<i>15</i>

3.9.2	<i>Lægra launað starf</i>	15
3.10	YFIRVINNUKAUP	16
3.11	FRÁDRÁTTUR FRÁ LAUNUM.....	16
3.12	DESEMBERUPPBÓT.....	16
3.13	ORLOFSUPPBÓT.....	16
3.14	FJARVISTARUPPBÓT.....	17
3.15	NESTISTÍMI.....	17
3.16	LAUSRÁÐNIR STARFSMENN	17
3.16.1	<i>Tímabundin störf</i>	17
3.16.2	<i>Vinnutími og tímalaun</i>	17
3.16.3	<i>Uppsagnarfrestur</i>	17
3.16.4	<i>Veikindi og slys</i>	17
3.17	LAUN NEMA	18
4.	UM RÁÐNINGU OG UPPSAGNARFREST	19
4.1	RÁÐNINGARSAMNINGUR.....	19
4.2	UPPSAGNARFRESTUR.....	19
4.3	FYRIRVARALAUS UPPSÖGN.....	19
4.3.1	<i>Vítaverð vanræksla</i>	19
4.3.2	<i>Brot á öryggisreglum</i>	19
5.	ORLOF	20
5.1	ORLOF FASTRA STARFSMANNA	20
5.1.1	<i>Lengd orlofs</i>	20
5.1.2	<i>Orlof á yfirvinnu o.fl.</i>	20
5.1.3	<i>Orlof að vetri</i>	20
5.2	ORLOFSSJÓÐSFRAMLAG.....	20
5.3	VEIKINDI Í ORLOFI.....	20
6.7	LAUNALAUST LEYFI	21
6.	VEIKINDA-, SLYSA- OG BARNSBURÐARLAUN	22
6.1	LAUN Í VEIKINDUM.....	22
6.1.1	<i>Veikindaréttur</i>	22
6.1.2	<i>Yfirvinna í veikindum</i>	22
6.1.3	<i>Læknisvottorð</i>	22
6.7	LAUN VEGNA SLYSA OG ATVINNUSJÚKDÓMA.....	22
6.7	UM LÆKNISVOTTORÐ OG TILKYNNINGU VEIKINDA.....	24
6.3.1	<i>Læknisvottorð</i>	24
6.3.2	<i>Tilkynning veikinda</i>	24
6.4	GREIÐSLA FYRIR LÆKNISHJÁLP.....	24
6.5	GREIÐSLUR VEGNA BARNSBURÐAR OG VEIKINDA BARNA	24
6.5.1	<i>Barnsburðargreiðslur</i>	24
6.5.2	<i>Veikindi barna</i>	24
6.6	LÆKNISSKOÐUN.....	24
6.7	STYRKARSJÓÐSFRAMLÖG	25
6.8	ENDURHÆFINGARSJÓÐSFRAMLÖG	25
6.9	SLYSATRYGGINGAR.....	25
6.9.1	<i>Gildissvið slysatrygginga</i>	25
6.9.2	<i>Dánarslysabætur</i>	25
6.9.3	<i>Bætur vegna varanlegrar örorku</i>	25

6.9.4	<i>Tjón bætt úr lögboðinni ökutækjatrýggingu</i>	26
6.9.5	<i>Endurskoðun tryggingarfjárhæðar</i>	26
6.9.6	<i>Gildistaka tryggingar og tryggingarskilmálar</i>	26
7.	ÞEGJALDAGREIÐSLUR	27
7.1	FÉLAGSGJÖLD.....	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
7.2	LÍFEYRISSJÓÐUR.....	ERROR! BOOKMARK NOT DEFINED.
7.3	EFTIRMENNTUNARSJÓÐUR.....	27
7.4	SÉREIGNASJÓÐUR	27
8.	ALMENN ÁKVÆÐI	28
8.1	NOTKUN EIGIN BIFREIÐA	28
8.2	ÖRYGGISMÁL, VINNUFÖT, VERKFÆRI O.FL.	28
8.2.1	<i>Öryggi á vinnustað</i>	28
8.2.2	<i>Vinnuföt</i>	28
8.2.3	<i>Verkfæri</i>	28
8.2.4	<i>Hlífðarbúnaður</i>	28
8.2.5	<i>Meðferð fata og tækja</i>	28
8.2.6	<i>Tjón starfsmanna við vinnu</i>	28
8.3	FORFÖLL STARFSMANNA	29
8.4	ÞGREIÐSLA LAUNA	29
8.5	AÐBÚNAÐUR	29
8.6	HJÚKRUNARGÖGN	29
8.7	TRÚNAÐARMENN	29
8.7.1	<i>Aðaltrúnaðarmaður</i>	29
8.7.2	<i>Réttindi og skyldur trúnaðarmanna</i>	29
8.7.3	<i>Tímaþörf aðaltrúnaðarmanns</i>	29
8.7.4	<i>Önnur ákvæði</i>	29
8.8	LAUSAR STÖÐUR.....	30
8.9	NÁMSKEIÐ	30
8.9.1	<i>Hjálp í viðlögum</i>	30
8.9.2	<i>Námskeið, kynnisferðir og þjálfun vegna nýs búnaðar</i>	30
8.10	SAMRÁÐSNEFND.....	30
9.	GILDISTÍMI OG LOKAÁKVÆÐI	31
9.1	SAMNINGSFORSENDUR	31
9.2	GILDISTÍMI	31

1. FORGANGSRÉTTUR OG STARFSSVIÐ

1.1 Forgangsréttur

Landsnet lætur rafvirkja, rafvélavirkja, rafeindavirkja, rafveituvirkja, rafiðnfræðinga og raffræðinga sem í samningi þessum eru nefndir rafiðnaðarmenn, hafa forgangsrétt til þeirra starfa er um getur í greinum 1.2, 1.3 og 1.4.

1.2 Starfssvið rafvirkja, rafvélavirkja rafeindavirkja, rafiðnfræðinga og raffræðinga.

Störf rafvirkja, rafvélavirkja, rafeindavirkja, rafiðnfræðinga og raffræðinga hjá Landsneti teljast vera vinna sem við kemur rafbúnaði í nýbyggingu, eftirliti, rekstri og viðhaldi á framleiðslu-, flutnings- og dreifikerfum raforku. Ennfremur ýmis störf svo sem störf verkumsjónarmanna o.fl.

1.3 Starfssvið rafveituvirkja

Störf rafveituvirkja teljast vera vinna við línubyggingar, viðhald og eftirlit á rafdreifikerfum Landsnets. Ennfremur ýmis störf svo sem störf verkumsjónarmanna. Störf rafveituvirkja voru unnin af línumönnum, en nú hefur þetta starfssvið verið löggilt, þannig að þeir einir, sem eru löggiltir rafveituvirkjar, mega vinna þessi störf.

1.4 Starfssvið aðstoðarmanna í rafgreinum (línumanna)

Aðstoðarmenn eru þeir sem vinna í fagtengdum störfum með og undir stjórn rafiðnaðaðmanna.

1.5 Starfsskipting rafiðnaðarmanna

Starfsskipting rafiðnaðarmanna skal vera með sama hætti og verið hefur.

1.6 Stórverkefni

Semja skal um það sérstaklega fyrirfram verði rafiðnaðarmenn Landsnets ráðnir til stórverkefna í nýbyggingum.

2. VINNUTÍMI, VINNUHLÉ O.FL.

2.1. **Dagvinna**

Föst laun hvers starfsmanns samkvæmt samningi þessum svara til þess, að hann gegni starfi 37,08 virkar dagvinnustundir á viku (verður uppfært m.t.t. niðurstöðu um vinnustímastyttingu).

Stytting vinnutíma og endurskoðun vinnufyrirkomulags

Í upphafi árs 2020 mun LN hefja viðræður við starfsmenn um skipulag vinnutíma, neysluhléa og styttingu vinnutíma í 36 virkar vinnustundir á viku frá og með 1. apríl 2020 án skerðingar mánaðarlauna fyrir dagvinnu. Um form viðræðna, markmið, styttingu vinnutíma og samþykkt samnings fer skv. 5. kafla aðalkjarasamnings RSÍ og SA. Í viðræðum verða m.a. gerðar tillögur um fyrirkomulag hléa með það að markmiði að ná fram gagnkvæmum ávinningi og bæta nýtingu vinnutíma þar sem því verður við komið. Náist ekki samkomulag um breytingar á skipulagi vinnutíma mun virkur vinnutími starfsmanna styttest 1. janúar 2021 í 36 klst. og 15 mín. Virkur vinnutími á dag verður 7 klst. og 15 mín. nema samkomulag verði um annað.

Við gildistöku vinnustímastyttingar breytist deilitala dagvinnutímakaups til samræmis, verður 156 m.v. 36 klst. vinnuviku eða 157 m.v. 36,25 klst. vinnuviku. Breytingin felur í sér að greiðslur fyrir kaffitíma skv. kjarasamningi færast yfir í tímakaup fyrir virkan vinnutíma, sbr. nánar skýringar í aðalkjarasamningi SA og RSÍ.

Dagvinna er unnin á tímabilinu kl. 07:00 - 18:00 mánudaga til föstudaga. Dagvinna skal ávallt unnin með samfelldri vinnuskipan á degi hverjum með samkomulagi aðila. Upphaf dagvinnu hvers starfsmanns skal ákveði í ráðningarsamningi hans og verður ekki breytt nema með samkomulagi.

2.2 **Matar- og kaffitímar**

(breytist samhliða upptöku virks vinnutíma frá 1. apríl 2020)

2.2.1 Kaffitímar á dagvinnutímabili

Kaffihlé í dagvinnu eru samtals 35 mín á dag og teljast ekki til vinnutíma.

Matarhlé er frá kl. 12:00 - 13:00 og telst ekki hluti vinnutíma. Ef unnið er í matar- og kaffihléum að hluta eða að öllu leyti í dagvinnu og þau skert, sem því nemur skal það greitt sem yfirvinna. Heimilt er með samkomulagi Landsnets og starfsmanna að færa þessi hlé til að eða eftir atvikum fella niður.

Samkomulag er milli LN og starfsmanna um tímaskrift, hádegishlé og kaffihlé í dagvinnu. Yfirvinna vegna vinnu í síðdegiskaffitíma (20 mín.) hefur verið felld inn í mánaðarlaun starfsmanna.

2.2.2 Kaffi- og matartímar í yfirvinnu

Í yfirvinnu skulu matarhlé vera kl. 19:00 - 20:00 og kl. 02:00 -03:00.

Kaffihlé skulu vera kl. 22:00 - 22:20 og síðustu 20 mínúturnar áður en dagvinna hefst. Sé unnið á helgidögum skulu matar- og kaffihlé vera þau sömu og á virkum dögum. Kaffi- og matarhlé eða hlutar úr þeim, sem falla inn í vinnutímabil í yfirvinnu, reiknast sem vinnutímar.

2.2.3 Vinna fram að kaffi- og matartímum í yfirvinnu

Sé unnið fram að matar- og kaffitíma í yfirvinnu, skal greiða þá matar-og kaffitíma til viðbótar skráðum vinnutíma. Undanskilinn er kaffitíminn í byrjun yfirvinnu og matartíminn kl. 19:00 - 20:00 mánudaga til föstudaga.

2.3 Stefna samninganna að því er varðar yfirvinnu

Samningar þessir miðast við þá sameiginlegu stefnu samningsaðila að takmarka yfirvinnu sem kostur er.

2.4. Yfirvinna, helgidagar og stórhátíðardagar

Öll vinna umfram reglulegan dagvinnutíma telst yfirvinna. Yfirvinna telst auk laugardaga og sunnudaga og annarra helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardagurinn fyrsti, 1. maí og fyrsti mánudagur í ágúst.

Stórhátíðarvinna telst vinna á:

- nýársdag,
- föstudaginn langa,
- páskadag,
- hvítasunnudag,
- 17. júní
- jóladag
- aðfangadag eftir kl. 12:00
- gamlaársdag eftir kl. 12:00

2.5 Útkall

Greiðsla fyrir hvert útkall skal vera 4 klst. hið minnsta sé kallað út utan venjulegs vinnutíma. Ávallt skal greiða við útkall 1 klukkustund lengur en unnið er.

Útkall telst öll kvaðning til yfirvinnu, sem fram fer utan reglubundins vinnutíma. Sé rafiðnaðarmaður boðaður af sínum yfirmanni til yfirvinnu með skemmri fyrirvara en 24 klst. skal ætíð greiða 1 klst. lengur en unnið er.

2.6 Matar- og kaffitímar vaktavinnumanna

2.6.1 Takmörkun matar- og kaffitíma

Starfsmenn í reglubundinni vaktavinnu hafa ekki sérstaka matar- eða kaffitíma. Kaffitími, 20 mínútur í upphafi yfirvinnu í framhaldi af vakt greiðist aukalega, ef unninn er.

2.6.2 Matar- og kaffitímar á aukavöktum

Vaktavinnumenn fá greiðslu eins og dagvinnumenn fyrir aukavakt m.t.t. matar- og kaffitíma, sem greiðast. Dagvinnumenn fá greiðslu eins og vaktavinnumenn fyrir aukavakt, að því leyti sem slík aukavakt fellur utan dagvinnutíma.

2.7 Lágmarkshvöld

2.7.1 Tilhögun vinnutíma

Vinnutíma skal haga þannig á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fá starfsmaður a.m.k. 11 klst. samfellda hvíld. Verði því við komið, skal dagleg hvíld ná til tímabilsins milli kl. 23.00 til 06.00. Jafnframt vísast til samnings ASÍ og VSÍ frá 30. desember 1996 um skipulag vinnutímans.

Óheimilt er að skipuleggja vinnu þannig að vinnutími fari umfram 13 klst.

2.7.2 Frávik og frítökuréttur

Lengja má vinnulotu í allt að 16 klst. Verði því við komið skal starfsmaður fá 11 klst. hvíld í beinu framhaldi af vinnunni án skerðingar á rétti til fastra launa. Fá starfsmaður ekki 11 klst. hvíld á sólarhring m.v. venjubundið upphaf vinnudags (vinnusólarhringinn) skal veita uppbótarhvíld sem hér segir:

Sé starfsmaður sérstaklega beðinn að mæta til vinnu áður en 11 klst. hvíld er náð ber honum uppbótarhvíld sem nemur 1½ klst. (dagvinna) fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist. Heimilt er að greiða út ½ klst. (dagvinna) af frítökuréttinum. Vinni starfsmaður það lengi á undan hvíldardegi að ekki náist 11 stunda hvíld miðað við venjubundið upphaf vinnudags reiknast frítökuréttur skv. 2. mgr. Komi starfsmaður til vinnu á hvíldardegi er greitt fyrir unninn tíma auk þess sem frítökuréttur reiknast skv. 2. mgr.

Framangreind ákvæði eiga þó ekki við á skipulegum vaktaskiptum en þá er heimilt að stytta hvíldartíma í allt að átta klst. Áunninn frítökuréttur vegna vinnu á sama sólarhring getur þó aldrei orðið meiri en sem nemur einum vinnudegi á föstum launum.

Án samþykkis starfsmanns er óheimilt að skipuleggja vinnu þannig, að uppsafnaður frítökuréttur sé tekinn út á tímum þegar starfsmaður er á ferðalögum á vegum

atvinnurekanda eða við störf fjarri heimili/aðsetri nema í eðlilegu framhaldi söfnunar.

Uppsafnaður frítökuréttur skv. framangreindu skal koma fram á launaseðli og veittur í hálfum og heilum dögum utan annatíma í starfsemi fyrirtækis í samráði við starfsmenn. Við starfslok skal ónýttur frítökuréttur starfsmanns gerður upp og teljast hluti ráðningartíma.

Útköll

Ef starfsmaður er kallaður til vinnu eftir að venjulegum vinnudegi er lokið skal fara með eins og hér segir:

Ljúki útkalli fyrir kl. 00:00 myndast ekki frítökuréttur ef starfsmaður nær samanlagt 11 klst. hvíld frá upphafi reglulegs vinnudags til upphafs þessa næsta (vinnusólarhringnum).

Ef útkalli lýkur á tímabilinu 00:00 – 06:00 reiknast ekki frítökuréttur ef 11 klst. samfelld hvíld næst fyrir eða eftir útkallið. Að öðrum kosti skal frítökuréttur miðast við muninn á lengstu hvíld og 11 klst.

2.7.3 Hvíld undir 8 klst.

Komi upp sérstakar aðstæður vegna nauðsynlegs viðhalds eða verði truflun á starfsemi vegna ytri aðstæðna svo sem vegna veðurs eða annarra náttúruafla, slysa, orkuskorts, bilana í vélum, tækjum eða öðrum búnaði eða annarra ófyrirséðra atburða og koma verður í veg fyrir verulegt tjón, er heimilt að stytta hvíld niður fyrir 8 klst. Fáir starfsmaður ekki 8 klst. hvíld á vinnusólarhringnum skal hann, auk frítökuréttar skv. gr. 2.7.2., fá greidda 1 klst. í yfirvinnu fyrir hverja klst. sem hvíldin fer niður fyrir 8 klst.

2.7.4 Vikulegur frídagur

Á hverju sjö daga tímabili skal starfsmaður hafa a.m.k. einn vikulegan frídag sem tengist beint daglegum hvíldartíma og skal við það miðað að vikan hefjist á mánudegi.

2.7.5 Frestun á vikulegum frídegi

Þegar ekki er unnið í vaktavinnu skal almennt miðað við að vikulegur frídagur sé á sunnudegi og að allir þeir sem starfa hjá sama fyrirtæki eða á sama fasta vinnustað fá frí á þeim degi.

Heimilt er með samkomulagi við starfsmann að fresta vikulegum frídegi þannig að í stað vikulegs frídags komi tveir samfelldir frídagar á tveim vikum.

Töku frídaga má haga þannig að þeir séu teknir aðra hverja helgi (laugardag og sunnudag). Í sérstökum tilvikum má fresta vikulegum hvíldartíma lengur þannig að starfsmaður fái samsvarandi hvíld innan 14 daga.

Falli frídagar á virka daga vegna ófyrirséðra orsaka skerðir það ekki rétt starfsmanns til fastra launa og vaktaálags.

2.7.6. Vinna aðfararnætur frídaga

Sé fyrirfram ákveðin vinna unnin aðfararnætur frídaga skal greiða 0,5 klst. í dagvinnu fyrir hvern unnin tíma á tímabilinu 00.00 til 08.00.

2.7.7 Uppsöfnun frídaga

Heimilt er með samkomulagi að starfsmenn safni allt að 5 frídögum á ári vegna yfirvinnu á þann hátt að yfirvinnutímar komi til uppsöfnunar en yfirvinnuálagið sé greitt út næsta útborgunardag. Þeir sem vilja nýta sér þennan rétt skulu í samráði við fyrirtækið ákveða hvenær frí skal tekið.

2.7.8 Dæmi um útfærslu frítökuréttar skv. gr. 2.7

Dæmi 1:

Starfsmaður vinnur til kl. 02:00. og byrjar aftur kl. 08:00. Hann fær einungis 6 klst. hvíld. Skv. kjarasamningi á hann inni frítökurétt 11 - 6 eða 5 x 1,5 klst. = 7,5. Skv. 2. mgr. gr. 2.4.3. fær hann greitt til viðbótar unnum tíma 2 klst. í yfirvinnu (vegna 6 klst. hvíldar í stað 8 klst.). Sama gildir ef frídagur er daginn eftir.

Dæmi 2:

Starfsmaður vinnur til kl. 02:00. og byrjar aftur kl. 13:00. Hann fær 11 klst. hvíld. Frítökuréttur er því enginn. Skv. 2. mgr. gr. 2.4.3. fær hann greitt til viðbótar unnum tíma 2 klst. í yfirvinnu (vegna 6 klst. hvíldar í stað 8 klst. innan sólarhringsins)

Dæmi 3:

Starfsmaður vinnur í einn sólarhring, eða frá kl. 08:00 til 08:00 og fer þá heim að sofa. Ef það er vinnudagur daginn eftir ávinnst enginn frítökuréttur. Starfsmaður heldur þá föstum launum þann dag. Skv. viðbótarreglunni hér að ofan fær hann greitt til viðbótar unnum tíma 8 klst. í yfirvinnu (vegna 0 klst. hvíldar í stað 8 klst. innan sólarhringsins). Sé hins vegar frídagur daginn eftir á starfsmaður inni einn frídag á föstum launum (áunnin frítökuréttur vegna vinnu á sama sólarhring getur ekki orðið meiri en sem nemur 1 degi á föstum launum, sbr. 5. mgr. gr. 2.4.2.).

Dæmi 4:

Starfsmaður vinnur 32 klst. samfelld, eða frá 08:00 til 16:00 næsta dag. Til viðbótar unnum tímum fær hann 8 klst. í yfirvinnu sbr. dæmi 3 auk þess sem hann ávinnur sér frídag á föstum daglaunum (vantar 11 klst. upp á hvíldina en frítökurétturinn takmarkast þó við laun í einn dag sbr. 5. mgr. gr. 2.4.2.

Dæmi 5:

Starfsmaður vinnur frá kl. 08:00 til kl. 17:00. Hann er kallaður út og vinnur frá kl. 21:00 til 23:00. Útkallinu lýkur fyrir miðnætti og því öðlast hann ekki frítökurétt þar sem samanlögð hvíld nær 11 klst.

Dæmi 6:

Starfsmaður vinnur frá kl. 08:00 til kl. 17:00. Hann er kallaður út og vinnur frá 01:00 til 03:00. Hann kemur aftur til vinnu kl. 08:00. Lengsta hvíld er 8 klst. og því vantar 3 klst. upp á 11 klst. hvíldina. Frítökuréttur er því 4,5 klst. (3 klst. x 1,5).

Dæmi 7:

Starfsmaður vinnur frá kl. 08:00 til 19:00. Hann er kallaður út og vinnur frá kl. 01:00 til 03:00. Hann er beðinn um að koma til vinnu kl. 08:00 næsta dag. Þótt samanlögð hvíld nái 11 klst. þá gildir sú regla ekki því útkallinu lýkur eftir miðnætti. Lengsta hlé er 6 klst. og því vantar 5 klst. upp á 11 klst. hvíld. Frítökuréttur er 7,5 klst. (5 klst x 1,5) en að auki skal greiða 2 klst. í yfirvinnu þar sem að 2 klst vantaði upp á að 8 klst. samfelldri hvíld væri náð.

2.8 Ólaunaðir frídagar á ferðum

Purfi starfsmaður að ósk fyrirtækis að ferðast á milli landa á ólaunuðum frídögum, skal hann þegar heimer komið frá frí sem samsvarar 8 dagvinnuklukkustundum fyrir hvern frídag sem þannig glatast, enda hafi ekki verið tekið tillit til þess við ákvörðun launa. Um töku þessara frídaga fer með sama hætti og ákveðið er í kaflanum um lágmarkshvíld og frítöku.

2.9 Breytingar á vinnufyrirkomulagi

Ef nauðsynlegt reynist af rekstrarástæðum að breyta vinnufyrirkomulagi, skal slíkt tilkynnt með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara, og skulu þá aðilar taka upp viðræður sín á milli um breytinguna, ef ástæða þykir til. Aðilar skulu leitast við að ná samkomulagi um breytinguna. Samsvarandi gildir, ef taka á upp nýtt vinnufyrirkomulag á heilum vinnustað eða hluta hans.

2.10 Kallvaktir

Með samþykki starfsmanns er heimilt að láta hann gegna kallvakt eina viku í senn. Starfsmanni er þá skylt að vera tiltækur í síma eða eftir öðrum boðleiðum og reiðubúinn að gegna kalli svo fljótt sem verða má.

2.11 Tímabundin ráðning eða ráðning hluta úr starfi

Tímabundin ráðning starfsmanns skal aldrei vera til skemmri tíma en átta stunda í senn í dagvinnu eða fjögurra stunda í yfirvinnu. Starfsmaður sem ráðinn er hluta úr degi, skal taka hlutfallslega laun miðað við vinnutíma fastra starfsmanna.

2.12 Skráning vinnutíma

Starfsmaður gegnir starfi sínu frá þeirri stundu sem hann skráir sig vinnu-klæddur til starfa við upphaf vinnutíma og þar til hann afskráir sig vinnuklæddur með sama hætti í lok vinnutíma, að frádregnum matartímum í dagvinnutíma eftir því sem við á skv. samningum.

2.13 Stytting vinnuskyldu

Við 65 ára aldur eiga starfsmenn, sem hafa starfað a.m.k. 5 ár samfelld hjá Landsneti, kost á því að sækja um styttri vinnuskyldu.

Verði vinnuskyldan styttri en sem nemur dagvinnuskyldu, greiði Landsnet viðbótariðgjöld til lífeyrissjóðs sem á vantar til þess að uppfylla iðgjaldagreiðslu fyrir fulla dagvinnuskyldu. Starfsmenn fá auk þess greidda desemberuppbót skv. gr. 3.14 og orlofskostnað skv. gr. 3.15 miðað við fulla stöðu.

3. LAUN

3.1. Mánaðarlaun

3.1.1 Mánaðarlaun

Mánaðarlaun starfsmanns sem gegnir fullu starfi skulu frá og með 1 apríl 2019 greidd skv. neðangreindri launatöflu.

	1	2	3	4	5
Launafll.	Byrjun	e. 1 ár	e. 3 ár	e. 5 ár	e. 7 ár
137	361.785	367.212	372.720	378.311	383.986
138	366.520	372.018	377.598	383.262	389.011
139	371.323	376.893	382.546	388.284	394.108
140	376.200	381.843	387.571	393.385	399.286
141	381.150	386.867	392.670	398.560	404.538
142	386.174	391.967	397.847	403.815	409.872
143	391.271	397.140	403.097	409.143	415.280
144	396.449	402.396	408.432	414.558	420.776
145	401.702	407.728	413.844	420.052	426.353
146	407.032	413.137	419.334	425.624	432.008
147	412.445	418.632	424.911	431.285	437.754
148	417.938	424.207	430.570	437.029	443.584
149	423.514	429.867	436.315	442.860	449.503
150	429.172	435.610	442.144	448.776	455.508
151	434.917	441.441	448.063	454.784	461.606
152	440.746	447.357	454.067	460.878	467.791
153	446.826	453.528	460.331	467.236	474.245
154	453.001	459.796	466.693	473.693	480.798
155	459.269	466.158	473.150	480.247	487.451
156	465.631	472.615	479.704	486.900	494.204
157	472.089	479.170	486.358	493.653	501.058
158	478.640	485.820	493.107	500.504	508.012
159	485.291	492.570	499.959	507.458	515.070
160	492.042	499.423	506.914	514.518	522.236
161	498.895	506.378	513.974	521.684	529.509
162	505.852	513.440	521.142	528.959	536.893
163	512.912	520.606	528.415	536.341	544.386
164	520.079	527.880	535.798	543.835	551.993
165	527.350	535.260	543.289	551.438	559.710
166	534.734	542.755	550.896	559.159	567.546
167	542.227	550.360	558.615	566.994	575.499
168	549.833	558.080	566.451	574.948	583.572
169	557.552	565.915	574.404	583.020	591.765
170	565.386	573.867	582.475	591.212	600.080
171	573.341	581.941	590.670	599.530	608.523
172	581.414	590.135	598.987	607.972	617.092
173	589.607	598.451	607.428	616.539	625.787
174	597.923	606.892	615.995	625.235	634.614
175	606.366	615.461	624.693	634.063	643.574
176	614.933	624.157	633.519	643.022	652.667
177	623.630	632.984	642.479	652.116	661.898

178	632.456	641.943	651.572	661.346	671.266
179	641.413	651.034	660.800	670.712	680.773
180	650.509	660.267	670.171	680.224	690.427
181	659.738	669.634	679.679	689.874	700.222
182	669.108	679.145	689.332	699.672	710.167
183	678.615	688.794	699.126	709.613	720.257
184	688.266	698.590	709.069	719.705	730.501
185	698.064	708.535	719.163	729.950	740.899
186	708.006	718.626	729.405	740.346	751.451
187	718.100	728.872	739.805	750.902	762.166
188	728.341	739.266	750.355	761.610	773.034
189	738.740	749.821	761.068	772.484	784.071
190	749.292	760.531	771.939	783.518	795.271

Kauptaxtar kjarasamnings hækka á samningstímabilinu sem hér segir:

1. apríl 2019	kr. 17.000
1. apríl 2020	kr. 24.000
1. janúar 2021	kr. 24.000
1. janúar 2022	kr. 25.000

Aðrir kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 2,5% á ári, þ.m.t. desember- og orlofsuppbót.

3.1.2 Aðrar greiðslur

Föstum mánaðarlaunum til viðbótar greiðast:

- Laun fyrir yfirvinnu.
- Vaktaálag.
- Greiðsla fyrir kallvaktir.
- Verðbætur á laun.
- Hæðarálag.
- Straumálag.
- Desemberuppbót.
- Greiðsla vegna orlofskostnaðar.
- Fjarvistaruppbót.
- Nestistími.

3.3 Vaktaálag

Reglubundin vaktavinna greiðist með föstu álagi, sem skal vera 30,0% fyrir tímabilið kl. 16 - 24 mánudaga til föstudaga, 55,0% kl 08 - 24 laugardaga og sunnudaga, og 60,0% frá kl. 00 - 08 alla daga. Álagið reiknast miðað við venjulega vinnuviku sem fast hlutfall, sem greiðist á mánaðarkaup án álaga meðan menn vinna á reglubundnum vöktum. Auk framangreinds álags greiðist 30% álag á hverja vakt, sem unnin er á stórhátíðardegi, sbr. gr. 2.4. Álag þetta reiknast ofan á grunnkaup að viðbættu meðaltalsvaktaálagi.

3.4 Greiðsla fyrir kallvaktir

Fyrir hverja klukkustund á bakvakt, greiðast 33,33% af dagvinnukaupi viðkomandi starfsmanns. Á helgidögum og stórhátíðardögum skv. grein 2.8 í kjarasamningi SA og RSÍ greiðist 50% af dagvinnukaupi starfsmanns.

3.5 Hæðarálag

Greiða skal rafiðnaðarmönnum 20 % hæðarálag fyrir hverja klukkustund sem unnin er í tengivirkjum, möstrum og staurum í 6 metra hæð eða ofar.

3.6 Straumálag

Þurfi að vinna við spennuhafa hluti á riðstraumskerfum, hvort heldur er við há- eða lágspennu með sérútbúnum tækjum, skal greiða 35% straumálag. Sama gildir um vinnu á lágspennustofnkerfum rakstraumskerfa undir spennu.

3.7 Verðbætur á laun

Greiðslu verðbóta á laun skal haga með sama hætti og gildir á hverjum tíma hjá launþegum innan Alþýðusambands Íslands.

3.8 Laun fyrir hluta mánaðar

Laun fyrir vinnu hluta úr mánuði greiðast með því að draga frá fullu mánaðarkaupi 1/21,67 þess fyrir hvern fjarvistardag, mánudaga til föstudaga að því er varðar dagvinnumenn, en fyrir vaktkerfi reiknast hlutfallið út frá meðaltali heilla vinnudaga í mánuði.

3.9 Tilfærslur milli starfa

3.9.1 Tímabundin afleysing

Sé starfsmaður færður tímabundið til að gegna störfum, sem eru í hærri launaflokki en þau, sem hann að jafnaði gegnir, skal hann fá tilsvarandi launamismun á meðan, enda gegni hann starfinu samfellt í a.m.k. 1 heilan vinnudag (vakt) og sé ekki raðað í launaflokk sem staðgengli.

3.9.2 Lægra launað starf

Sé starfsmaður til frambúðar færður í starf, sem lægra er launað í föstum launum en starf það, sem hann áður gegndi, ber honum að halda óbreyttum launum sem svarar uppsagnarfresti.

3.10 Yfirvinnukaup

Tímakaup í yfirvinnu skal vera 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu til 1. september 2020. Vinna á stórhátíðum greiðist með 1,375% af mánaðarlaunum fyrir hvern unninn tíma.

Yfirvinna 1 og yfirvinna 2, eins og samið var um í almennum kjarasamningi SA og RSÍ dags. 3. maí 2019, tekur gildi 1. september 2020 og þá með þeim hlutföllum sem taka gildi 1. janúar 2021 skv. almenna samningnum. Með upptöku yfirvinnu 1 og 2 breytast samhliða ákvæði kjarasamningsins um dagvinnutímabil og dagvinnuskil, sjá fylgiskjal. Í tengslum við endurskoðun vinnufyrirkomulags er heimilt að semja um að í stað yfirvinnu 1 og 2 verði öll yfirvinna greidd frá 1. apríl 2020 sem sama hlutfall mánaðarlauna. Um gerð og samþykkt samnings fer skv. 5. kafla aðalkjarasamnings SA og RSÍ.

3.11 Frádráttur frá launum

Komi starfsmaður of seint til vinnu á hann ekki kröfu á launum fyrir þann fjórðung klukkustundar, sem hann mætti í, né þann tíma, sem áður er liðinn.

3.12 Desemberuppbót

1. desember ár hvert skal hver starfsmaður, sem þá er í starfi og unnið hefur síðasta ár hjá Landsneti, fá greidda desemberuppbót. Þeir sem skemur hafa unnið skulu fá hlutfallslega greiðslu. Þeir starfsmenn, sem unnið hafa hjá Landsneti í 3 ár eða lengur en hætta áður en til greiðslu kemur, skulu fá greitt hlutfallslega.

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er sem hér segir:

2019	132.071
2020	135.373
2021	138.757
2022	142.226

3.13 Orlofsuppbót

Við orlofstöku ár hvert skal hver starfsmaður, sem þá er í starfi og unnið hefur síðasta orlofsár hjá Landsneti, fá orlofsuppbót þeir sem skemur hafa unnið skulu fá hlutfallslega greiðslu. Þeir starfsmenn, sem unnið hafa hjá Landsneti í 3 ár eða lengur en hætta áður en til greiðslu kemur, skulu fá greitt hlutfallslega.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár miðað við fullt ársstarf er:

2019	132.071
2020	135.373
2021	138.757
2022	142.226

3.14 Fjarvistaruppbót

Greiða skal rafiðnaðarmönnum fjarvistaruppbót vegna tímabundinna starfa tvo vinnudaga eða lengur fjarri föstum vinnustað. Fjarvistaruppbót greiðist þannig, að til viðbótar við unninn tíma skal greiða einingu sem nemur 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu á dag fyrir hverja fjarvistarnótt.

3.15 Nestistími

Séu starfsmenn við störf þannig að vegna fjarlægðar geti þeir ekki notið matar- og kaffitíma í mötuneytum Landsnets eða í matstofum, þar sem hægt er að bera fram heitan og kaldan mat, skal greiða þeim til viðbótar við unninn tíma einingu sem nemur 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu“. fyrir hvern heilan vinnudag, sem þeir starfa við slíkar aðstæður.

3.16 Lausráðnir starfsmenn

3.16.1 Tímabundin störf

Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um starfsmenn, sem samningur þessi tekur til, en ráðnir eru tímabundið til starfa, t.d. við afleysingar.

3.16.2 Vinnutími og tímalaun

Vinnutími, kaffihlé o.þ.h. skal vera samkvæmt samningi þessum. Tímalaun í dagvinnu skulu vera 0,5769% af mánaðarlaunum og tímalaun í yfirvinnu skulu vera 1,0385% af mánaðarlaunum viðkomandi launaflokks.

3.16.3 Uppsagnarfrestur

Hafi menn starfað lengur en mánuð hjá Landsneti eiga þeir mánaðar uppsagnarfrest, enda hafi þeir ekki verið ráðnir til ákveðins verkefnis eða tiltekins tíma.

3.16.4 Veikindi og slys

Ákvæði um greiðslu í veikindatilfellum, svo og önnur ákvæði en að ofan greinir, skulu vera sem í almennum samningum við vinnuveitendur. Ákvæði um greiðslur í slysatilfellum skulu fara eftir þessum samningi.

3.17 Laun nema

Nemar í rafiðnaðarstörfum skulu taka laun sem hér segir:

1. ár að lokinni grunndeild 71% af byrjunarlaunum 137. flokks
2. ár að lokinni grunndeild 75% af byrjunarlaunum 137. flokks
3. ár að lokinni grunndeild 80% af byrjunarlaunum 137. flokks

4. UM RÁÐNINGU OG UPPSAGNARFREST

4.1 Ráðningarsamningur

Milli hvers starfsmanns og Landsnets skal gerður skriflegur ráðningarsamningur.

4.2 Uppsagnarfrestur

Ráðningartími skal að jafnaði hefjast með 3ja mánaða reynslutíma. Fyrstu 3 mánuði skal gagnkvæmur uppsagnarfrestur vera 1 vika, miðað við vikuskipti, næstu 9 mánuði skal uppsagnarfrestur vera 1 mánuður, en eftir 12 mánaða starf skal gagnkvæmur uppsagnarfrestur vera 88 dagar, hvort tveggja miðað við mánaðamót.

Hjá starfsmönnum 60 ára og eldri með a.m.k. 20 ára samanlagðan starfsaldur hjá Landsneti og Landsvirkjun skal gagnkvæmur uppsagnarfrestur vera 6 mánuðir.

Að öðru leyti fer um uppsagnarfrest skv. lögum. Um lausráðna starfsmenn vísast til greinar 3.16.

4.3 Fyrirvaralaus uppsögn

4.3.1 Vítaverð vanræksla

Uppsagnarákvæði skv. lið 4.2. gilda þó ekki ef starfsmaður sýnir vítaverða vanrækslu í starfi sínu, eða Landsnet gerist brotleg gagnvart starfsmanni. Til vítaverðrar vanrækslu telst í þessu sambandi m.a., ef starfsmaður mætir ítrekað of seint til vinnu sinnar, ítrekaðar eða langvarandi fjarvistir frá vinnu án leyfis eða gildra ástæðna, enda hafi starfsmaðurinn fengið skriflega aðvörun, svo og ef starfsmaður óhlýðnast réttmætum fyrirmælum verkstjóra.

Trúnaðarmanni skal gefinn kostur á að kynna sér mál af þessu tagi.

4.3.2 Brot á öryggisreglum

Brot á öryggisreglum, sem stofna lífi og limum starfsmanna, svo og tækjum fyrirtækisins í voða skal varða brottvikningu án undangenginna aðvarana, ef trúnaðarmaður og yfirmaður eru sammála um það.

5. ORLOF

5.1 Orlof fastra starfsmanna

5.1.1 Lengd orlofs

Orlof fastra starfsmanna skal vera sem hér segir:

	<u>Að sumri</u>	<u>Að vetri</u>	
	<u>Eftir 1 ár</u>		<u>Eftir 3 ár</u>
Orlof:	24 dagar	3 dagar	6 dagar

Sumarorlof starfsmanna á reglubundnum fimm skiptum vöktum telst 22 vaktir, vetrarorlof 3 vaktir eftir 1 ár, en 5 vaktir eftir 3 ár. Þeir, sem skemur hafa unnið, skulu fá orlof í sama hlutfalli.

5.1.2 Orlof á yfirvinnu o.fl.

Starfsmenn skulu auk þess fá 10,17% orlofsfé af yfirvinnu á fyrsta starfsári, 11,59% næstu 2 ár og síðan 13,04%. Um orlof fer að öðru leyti eftir ákvæðum gildandi laga, þar með talið orlofstímabil. Með samkomulagi starfsmanna og viðkomandi yfirmanns er heimilt að skipta orlofi og taka það hvenær sem er á árinu.

5.1.3 Orlof að vetri

Þeir starfsmenn, sem samkvæmt ósk Landsnets taka orlof að hluta utan tímabilsins 2. maí til 30. september skulu fá 25% lengingu þess orlofs, sem fellur utan þess tímabils.

5.2 Orlofssjóðsframlag

Í orlofssjóði hlutaðeigandi verkalýðsfélaga greiði Landsnet fjárhæð, sem nemi 0,25% af brúttólaunum þeirra starfsmanna, sem samningurinn tekur til. Landsnet gerir skil á þessum gjöldum mánaðarlega eftir á.

5.3 Veikindi í orlofi

Veikist starfsmaður í orlofi það alvarlega, að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna viðkomandi yfirmanni um veikindin og hjá hvaða lækni hann hyggist fá læknisvottorð. Fullnægi hann tilkynningunni og standi veikindin samfelld lengur en þrjá sólarhringa, á launþegi rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega vöruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði. Landsnet á rétt á að láta lækni vitja starfsmanns er veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal eftir því

sem kostur er, veitt á þeim tíma, sem starfsmaður óskar, og skal veitt á tímabilinu 2. maí – 15. september, nema sérstaklega standi á.

5.4 Launalaust leyfi

Starfsmenn skulu eiga rétt á fríi án launa í allt að 6 mánuði í einu lagi á 5 ára fresti, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Starfsmaður skal óska eftir slíku fríi með minnst þriggja mánaða fyrirvara og ákveða yfirmenn þá hvenær frí hefjist og hvenær því ljúki í samráði við starfsmann. Skal leitast við að veita fríið sem næst umbeðnum tíma.
2. Ekki er skylt að veita fleiri en 5% starfsmanna slík leyfi frá störfum samtímis, og ekki fleirum en einum rafiðnaðarmanni viðkomandi vinnustaðar. Starfsmaður skal eiga rétt á að ganga inn í fyrra starf sitt, þegar fríi lýkur samkvæmt framanskráðu.

6. VEIKINDA-, SLYSA- OG BARNSBURÐARLAUN

6.1 Laun í veikindum

6.1.1 Veikindaréttur

Veikist starfsmaður, skal hann á 1. ári fá laun 2 vinnudaga (vaktir) fyrir hver byrjaðan mánuð. Eftir eins árs starf, skulu menn halda óskertum launum í veikindatilfellum miðað við starf hjá Landsneti sem hér segir:

- eftir fyrsta starfsár 84 almanaksdaga á hverjum 12 mánuðum.
- eftir 3ja ára starf 120 almanaksdaga á hverjum 12 mánuðum.
- eftir 5 ára starf 170 almanaksdaga á hverjum 12 mánuðum.
- eftir 10 ára starf 210 almanaksdaga á hverjum 12 mánuðum.

6.1.2 Yfirvinna í veikindum

Í tilvikum samkvæmt gr. 6.1.1. og 6.2 skal starfsmönnum greidd meðaltalsyfirvinna í allt að tvo mánuði. Næsta mánuð þar á eftir (þriðji veikindamánuðurinn) er greidd 90% af meðaltalsyfirvinnu. Ekki er greidd yfirvinna ef veikindi standa lengur yfir en þrjá mánuði.

Yfirvinna skal reiknuð þannig að miðað er við meðaltalsyfirvinnu sl. 12 launatímabila. Hafi starfsmaður verið í launalausum leyfi meirihluta launatímabils telst það ekki með við útreikning. Hafi starfsmaður unnið skemur skal reikna frá fyrsta heila launatímabili.

6.1.3 Læknisvottorð

Ekki er skylt að greiða starfsmanni laun fyrir veikindadaga/slysadaga, nema fyrir liggja læknisvottorð.

6.2 Laun vegna slysa og atvinnusjúkdóma

Starfsmenn skulu halda óskertum launum í allt að 12 mánuði, verði þeir fyrir slysi á vinnustað, eða á beinni leið frá heimili til vinnustaðar eða frá vinnustað til heimilis, eða veikist af orsökum, er rekja má til vinnunnar, sbr. reglur varðandi atvinnusjúkdóma útgefnar af Samgönguráðuneytinu 7. mars 1956.

Trúnaðarlæknir Landsnets skal gera tillögu um, hvernig úrskurða skuli, hvort um atvinnusjúkdóm sé að ræða, en þar til hann hefur gert þá tillögu, skulu úrskurðir um atvinnusjúkdóma vera í höndum nefndar, sem skipuð er 2 fulltrúum frá hvorum samningsaðila og læknislærðum oddamanni, sem aðilar koma sér saman um. Náist ekki samkomulag um oddamann, skal Læknafélag Íslands beðið um að skipa hann. Í öllum tilvikum renni dagpeningar Tryggingastofnunarinnar til Landsnets. Auk þess sem greint er að ofan greiði Landsnet starfsmönnum dagpeninga í allt að tíu mánuði

til viðbótar, þannig að heildardagpeningagreiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins og Landsneti geti numið 80% af grunnlaunum að viðbættri verðlagsuppbót, vaktaálagi og fastri yfirvinnu.

6.3.1 Um læknisvottorð og tilkynningu veikinda

6.3.1 Læknisvottorð

Starfsmanni greiðast því aðeins laun fyrir slysadaga eða endurtekin og varanleg veikindi, að fyrir liggi læknisvottorð.

6.3.2 Tilkynning veikinda

Veikist starfsmaður og geti af þeim orsökum ekki sótt vinnu, skal hann samdægurs tilkynna það stjórnanda sínum, sem ákveður hvort læknisvottorðs skuli krafist. Til vara skal símavakt tilkynnt um veikindi. Læknisvottorð skal að jafnaði vera frá heimilislækni, en þó getur Landsnet hvenær sem er krafist vottorðs frá trúnaðarlækni. Ef læknisvottorðs er krafist, skal það vera starfsmanni að kostnaðarlausu.

6.4 Greiðsla fyrir læknishjálp

Landsnet greiðir útlagðan kostnað við læknishjálp vegna slysa sem að ofan greinir jafnlengi og starfsmaður nýtur launa.

6.5 Greiðslur vegna barnsburðar og veikinda barna

6.5.1 Barnsburðargreiðslur

Um greiðslur vegna barnsburðar fer skv. gildandi lögum.

6.5.2 Veikindi barna

Fyrstu sex mánuði í starfi hjá Landsneti er foreldri heimilt að verja tveimur dögum fyrir hver unninn mánuð til aðhlyningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Eftir 6 mánuði verður rétturinn 12 dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Foreldri heldur dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi þar sem það á við

Með foreldri í 1. mgr. er einnig átt við fósturforeldri eða forráðamann, sem er framfærandi barns og komi þá í stað foreldris.

Sama á við um börn undir 16 ára aldri í alvarlegum tilvikum sem leiða til sjúkrahúsvistar a.m.k. einn dag.

6.6 Læknisskoðun

Regluleg læknisskoðun starfsfólks skal fara fram eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Að öðru leyti vísast til laga nr. 46/1980.

6.7 Styrktarsjóðsframlög

Í Styrktarsjóð Rafiðnaðarsambands Íslands greiðir Landsnet 1% af brúttólaunum.

6.8 Endurhæfingarsjóðsframlög

Í endurhæfingarsjóð sem starfar sérstöku samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins greiðir Landsnet 0,13% af brúttólaunum.

6.9 Slysaftryggingar

6.9.1 Gildissvið slysaftrygginga

Landsneti er skylt að tryggja rafiðnaðarmenn þá, sem samningurinn tekur til fyrir dauða, varanlegri örorku eða tímabundinni örorku af völdum slyss í starfi eða leik allan sólarhringinn.

6.9.2 Dánarslysabætur

1. Ef hinn látni var ógiftur og lætur ekki eftir sig barn og hefur ekki séð fyrir öldruðu foreldri, 67 ára eða eldri, kr. 1.167.500. Rétthafar þessara dánarbóta eru lögerfingjar.
2. Ef hinn látni var ógiftur en lætur eftir sig barn (börn) undir 18 ára aldri og/eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri, kr. 3.578.300. Rétthafar þessara dánarbóta eru foreldrar og börn. Taki báðir þessir aðilar bætur, rennur 1/3 hluti bóta til foreldra en 2/3 hlutar bóta skiptast milli barna að jöfnu.
3. Ef hinn látni var í hjúskap eða í skráðri óvígðri sambúð eða í staðfestri samvist, skulu bætur til maka eða sambúðar, samvistaraðila nema kr. 5.840.000. Rétthafi dánarbóta þessara er viðkomandi maki eða sambúðar-, samvistaraðili.
4. Ef hinn látni lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs, skulu slysabætur til hvers barns nema kr. 1.167.500. Stundi barn hins látna á aldrinum 18-25 ára nám á framhaldsskóla- eða háskólastigi í a.m.k. 6 mánuði ársins, er hinn tryggði andaðist, á það sama rétt til bóta. Rétthafa dánarbóta þessara eru viðkomandi börn. Bætur greiðast til fjárhaldsmanns ófjárráða barns.
5. Með börnum í 2. og 4. lið er átt við kynbörn, kjörbörn, stjúpbörn, börn sambúðaraðila og fósturbörn sem hinn látni var framfærsluskyldur við, sbr. 9. gr. barnalaga nr. 20/1992.
6. Dánarslysabætur greiðast aðeins skv. einum af töluliðum 1, 2 eða 3. Til viðbótar við bætur skv. 2. og 3. tölulið geta komið bætur skv. 4. tölulið.

6.9.3 Bætur vegna varanlegrar örorku.

Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við váttryggingarfjárhæðina 7.351.000 kr. Þó þannig að hvert örorkustig frá 26% til 50% virkar tvöfalt og hvert örorkustig frá 51% til 100% virkar fjórfalt. Slysabætur vegna 100% örorku verða þannig 20.215.000 kr.

6.9.4 Tjón bætt úr lögboðinni ökutækjatrýggingu.

Slysatrýggingin greiðir ekki bætur til starfsmannsins þegar tjón hans fæst bætt úr lögboðinni ökutækjatrýggingu.

6.9.5 Endurskoðun tryggingarfjárhæðar

1. Fjárhæðir þessar miðast við vísitölu neysluverðs í janúar 2005, 239 stig, og gilda fyrir tímabilið frá undirskriftardegi samnings þessa til 30. júní 2005.
2. Tryggingarfjárhæðir skv. samningi þessum eru nýjar grunnfjárhæðir og skulu þær endurskoðaðar tvisvar á ári, 1. janúar og 1. júlí. Skulu þær þá framreiknaðar sem nemur breytingum á vísitölu neysluverðs frá janúar 2005 til vísitölu janúar- og júlímánaðar ár hvert.

6.9.6 Gildistaka tryggingar og tryggingarskilmálar

1. Tryggingin tekur gildi um leið og tryggingarskyldur launþegi hefur starf (kemur á launaskrá) en fellur úr gildi um leið og hann hættir störfum (fellur af launaskrá).
2. Skilmálar séu almennir skilmálar, sem í gildi eru fyrir atvinnuslysatrýggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingarfélaga þegar samkomulag þetta er gert.
3. Verði Landsnet skaðabótaskyld gagnvart launþega sem slysatrýggður er skv. samningi þessum, skulu slysabætur og dagpeningar sem greiddir kunna að verða til launþega, koma að fullu til frádráttar þeim skaðabótum sem Landsneti kann að verða gert að greiða.

7. IÐGJALDAGREIÐSLUR

7.1 Félagsgjöld

Landsnet tekur að sér að innheimta árgjald eða hluta árgjalda aðal- og aukafélaga viðkomandi aðildarfélags Rafiðnaðarsambandsins af ógreiddum en kræfum vinnulaunum starfsmanna. Landsnet annast skil gjaldanna til félaganna mánaðarlega.

Iðgjöld til lífeyrissjóðs greiðast vegna allra starfsmanna 16 ára og eldri í samræmi við staðfestar reglugerðir Lífeyrissjóðs rafiðnaðarmanna, Lífiðn. Landsnet annast skil iðgjaldanna mánaðarlega.

Landsnet greiðir mótframlag frá 1. janúar 2005 8% iðgjald af heildarlaunum starfsmanns á móti 4% iðgjaldi starfsmanna.

Frá 1. janúar 2006 greiðir Landsnet 9% iðgjald af heildarlaunum starfsmanns á móti 4% iðgjaldi starfsmanna.

Frá 1. janúar 2007 greiðir Landsnet 11,5% iðgjald af heildarlaunum starfsmanns á móti 4% iðgjaldi starfsmanna.

7.2 Eftirmenntunarsjóður

Aðilar eru sammála um að rafiðnaðarmenn, sem starfa hjá Landsneti sækja fræðslunámskeið um framfarir og breytingar í rafiðnaði skv. nánara samkomulagi þar um. Landsnet greiðir 1,1% af launum rafiðnaðarmanna til Eftirmenntunarsjóðs rafiðnar.

7.4 Séreignasjóður

Í þeim tilvikum sem starfsmenn leggja til viðbótarframlag í séreignasjóð greiðir Landsnet framlag á móti með eftirfarandi hætti:

Leggi starfsmaður a.m.k. 2% viðbótarframlag í séreignarsjóð skal mótframlag Landsnets vera 2%.

8. ALMENN ÁKVÆÐI

8.1. Notkun eigin bifreiða

Landsnet getur gert samkomulag við starfsmenn um notkun eigin bifreiða þeirra. Greiðsla fyrir slík afnot skal fara eftir taxta ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

8.2 Öryggismál, vinnuföt, verkfæri o.fl.

8.2.1 Öryggi á vinnustað

Landsnet sér um, að öryggisbúnaður sé ávallt eins fullkominn og frekast er kostur og að fyllsta öryggis sé gætt við allan rekstur í samræmi við starfsleyfi ráðuneytis, og lög og reglugerðir um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Starfsmönnum ber að fara eftir þeim reglum, sem settar eru í því skyni.

8.2.2 Vinnuföt

Starfsmenn skulu fá vinnufatnað, galla og/eða sloppa eins og verið hefur. Landsnet skal sjá um þrif á þessum fatnaði. Ef starfsmenn eru látnir vinna sérstaklega óhrein störf, leggur Landsnet þeim til hlífðarföt við þá vinnu, þeim að kostnaðarlausu, einnig til hlífðar slagviðri og skaðlegum efnum.

8.2.3 Verkfæri

Starfsmönnum skulu lögð til verkfæri og vinnutæki þeim að kostnaðarlausu. Landsnet sér um að öll verkfæri og vinnutæki séu í góðu lagi, þannig að þau valdi ekki slyshættu.

8.2.4 Hlífðarbúnaður

Landsnet leggur starfsmönnum til, þeim að kostnaðarlausu, hlífðarbúnað svo sem hlífðarvettlinga, hlífðarsvuntur, öryggisbelti, öryggisgleraugu, öryggisgrímur, öryggishjálma og öryggisskó, við þau störf þar sem slíks búnaðar er krafist, samkvæmt öryggisreglum, enda er starfsmönnum skylt að nota hann.

8.2.5 Meðferð fata og tækja

Starfsmenn skulu fara vel með hlífðar- og vinnuföt, verkfæri og öryggisbúnað sem Landsnet leggur þeim til. Útbúnaði sem starfsmenn hafa fengið skv. ákvæðum þessarar greinar skulu þeir skila ef þeir hætta sem starfsmenn Landsnets.

8.2.6 Tjón starfsmanna við vinnu

Verði starfsmaður sannanlega fyrir tjóni á nauðsynlegum, algengum fatnaði og munum við vinnu sína, svo sem úrum, gleraugum o.s.frv., skal það bætt skv. mati. Slík tjón verða einungis bætt ef þau verða vegna óhappa á vinnustað. Eigi skal bæta slíkt tjón verði það vegna gáleysis eða hirðuleysis starfsmanna.

8.3 Forföll starfsmanna

Skylt er starfsmanni að boða forföll í tæka tíð ef hann getur ekki mætt til vinnu. Ennfremur skulu þeir, sem eru fjarverandi, láta vita með góðum fyrirvara, áður en þeir mæta aftur til vinnu.

8.4 Greiðsla launa

Fastir starfsmenn Landsnets þann 1. janúar 2005 fá greidd laun fyrsta starfsdag hvers mánaðar, þannig að dagvinnulaun ásamt þeim álögum sem þeim tengjast, eru greidd mánaðarlega fyrirfram, föst umsamin yfirvinna greiðist fyrir næstliðinn mánuð, en önnur yfirvinna greiðist fyrir tímabilið frá 11. til 10. næstliðins mánaðar. Fastir starfsmenn Landsnets, sem ráðnir eru eftir 1. janúar 2005, fá laun sín greidd með sama hætti og að framan greinir, að því undanskildu að dagvinnulaun ásamt þeim álögum, sem þeim fylgja eru eftirágreidd.

8.5 Aðbúnaður

Hreinlætisbúnaður allur skal á hverjum tíma vera fullnægjandi að mati heilbrigðiseftirlitsins og Vinnueftirlits ríkisins.

Aðbúnaði á ferðalögum skal þannig háttað að menn hafi sérherbergi þar sem því verður við komið.

8.6 Hjúkrunargögn

Nauðsynlegustu sjúkragögn og lyf skulu vera tiltæk á vinnustað.

8.7 Trúnaðarmenn

8.7.1 Aðaltrúnaðarmaður

Rafvirkjar, rafvélavirkjar, rafveituvirkjar, rafeindavirkjar, rafiðnfræðingar og raffræðingar velja úr sínum hópi einn aðaltrúnaðarmann til að koma fram fyrir þeirra hönd við gerð kjarasamninga og afgreiðslu ágreiningsmála.

8.7.2 Réttindi og skyldur trúnaðarmanna

Um hlutverk, réttindi og skyldur trúnaðarmanna fer svo sem fyrir er mælt í lögum um stéttarfélag og vinnudeilur.

8.7.3 Tímaþörf aðaltrúnaðarmanns

Aðaltrúnaðarmaður skal hafa nægan tíma án skerðingar á launum til að sinna málefnum starfsmanna.

8.7.4 Önnur ákvæði

Um trúnaðarmenn vísast að öðru leyti til rammasamnings ASÍ og VSÍ frá 22. júní 1977.

8.1 Lausar stöður

Lausar stöður rafiðnaðarmanna hjá Landsneti skulu auglýstar innan fyrirtækisins hverju sinni.

8.2 Námskeið

8.9.1 Hjálp í viðlögum

Námskeið í hjálp í viðlögum skal haldið árlega á kostnað Landsnets.

8.9.2 Námskeið, kynnisferðir og þjálfun vegna nýs búnaðar

Rafiðnaðarmönnum skal gefinn kostur á að sækja námskeið og kynnisferðir sem koma þeim að gagni í starfi. Í þeim tilvikum að rafiðnaðarmenn sæki slík námskeið eða kynnisferðir með samþykki Landsnets, skulu rafiðnaðarmenn halda föstum launum sínum á meðan, á sama hátt og um veikindadaga væri að ræða. Ennfremur, þegar nýr búnaður er settur upp skulu viðkomandi rafiðnaðarmenn fá að kynna sér hann og þeim séð fyrir nægjanlegri þjálfun í meðferð og viðhaldi hins nýja búnaðar, þeim að kostnaðarlausu.

8.3 Samráðsnefnd

Samráðsnefnd Landsnets og RSÍ skal fjalla um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna túlkunar á ákvæðum samnings þessa. Í henni sitja fjórir fulltrúar, tveir frá hvorum samningsaðila.

9. GILDISTÍMI OG LOKAÁKVÆÐI

9.1 Samningsforsendur

Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar dags. 3. maí 2019. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um hagvaxtarauka og kauptaxtaauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá 3. maí sl. verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

9.2 Gildistími

Samningur þessi gildir til 1. nóvember 2022 en fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Reykjavík, 2. desember 2019

F.h. Landsnets hf.

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands

Bókanir með kjarasamningi Landsnets og RSÍ dags. 27. sept. 2011

1. Bókun um viðbótarmenntun

Landsnet hf. mun meta að hvaða marki viðbótarmenntun rafiðnaðarmanna, sem sérstaklega nýtist í starfi, geti leitt til launahækkunar. Starfsmaður sem ætlar sér slíkrar viðbótarmenntunar getur óskað eftir viðtali um breytingar á starfskjörum.

2. Bókun um slysatryggingar.

Samningsaðilar munu á árinu 2011 bera ákvæði kjarasamningsins um slysatryggingar saman við kjarasamninga RSÍ við önnur orkufyrirtæki og meta hvort ástæða sé til samræmingar.

Bókanir með kjarasamningi Landsnets og RSÍ dags. 2. desember 2019

1. Bókun

Fulltrúar rafiðnaðarmanna og LN munu haustið 2020 hefja viðræður um launakerfi iðnaðarmanna og verði þar horft til ákvæða almennra kjarasamninga iðnaðarmanna um nýtt launakerfi. Útgangspunkturinn er að skapa grunn fyrir launasetningu út frá eðli starfsins, menntunarkröfum og hæfni starfsmanns óháð starfsheiti sem verða ekki hluti af þessu kerfi.

Kerfið byggir á sex meginþáttum og innan hvers þeirra eru nánari viðmið. Flokkanir og dæmi um möguleg þrep í hverjum flokki er:

Starfstengdir þættir

- Hlutverk. Viðmið í þessu þætti eru t.d. eðli starfs og staða á vinnustað, verkstjórn, umsjón með þjálfun og móttöku nýrra starfsmanna.
- Ábyrgð. Ábyrgð á verkefnum, fólki, vélum, tækjum o.fl.
- Sjálfstæði. Krafa um sjálfstæði í starfi, sem getur tengst starfinu í heild eða einstökum þáttum þess.

Einstaklingsbundnir þættir

- Menntun.
- Reynsla og þekking. Viðbótarþekking, reynsla og þjálfun sem nýtist í starfi. Almennir hæfnipættir s.s. samskiptahæfni, frumkvæði og sveigjanleiki.
- Almennir hæfnipættir. Samskiptahæfni, frumkvæði, sveigjanleiki o.fl.

Samhliða verða endurskoðuð ákvæði kjarasamnings sem ætlunin er að nýtt launakerfi muni ná yfir.

Fylgiskjal með kjarasamningi RSÍ og LN dags. 2. desember 2019

Launatafla RSÍ og LN 1. apríl 2020

Launafll.	Byrjun	e. 1 ár	e. 3 ár	e. 5 ár	e. 7 ár
137	385.785	391.572	397.446	403.408	409.459
138	390.520	396.378	402.324	408.359	414.484
139	395.323	401.253	407.272	413.381	419.582
140	400.200	406.203	412.296	418.480	424.757
141	405.150	411.227	417.395	423.656	430.011
142	410.174	416.327	422.572	428.911	435.345
143	415.271	421.500	427.823	434.240	440.754
144	420.449	426.756	433.157	439.654	446.249
145	425.702	432.088	438.569	445.148	451.825
146	431.032	437.497	444.059	450.720	457.481
147	436.445	442.992	449.637	456.382	463.228
148	441.938	448.567	455.296	462.125	469.057
149	447.514	454.227	461.040	467.956	474.975
150	453.172	459.970	466.870	473.873	480.981
151	458.917	465.801	472.788	479.880	487.078
152	464.746	471.717	478.793	485.975	493.265
153	470.826	477.888	485.056	492.332	499.717
154	477.001	484.156	491.418	498.789	506.271
155	483.269	490.518	497.876	505.344	512.924
156	489.631	496.975	504.430	511.996	519.676
157	496.089	503.530	511.083	518.749	526.530
158	502.640	510.180	517.833	525.600	533.484
159	509.291	516.930	524.684	532.554	540.542
160	516.042	523.783	531.640	539.615	547.709
161	522.895	530.738	538.699	546.779	554.981
162	529.852	537.800	545.867	554.055	562.366
163	536.912	544.966	553.140	561.437	569.859
164	544.079	552.240	560.524	568.932	577.466
165	551.350	559.620	568.014	576.534	585.182
166	558.734	567.115	575.622	584.256	593.020
167	566.227	574.720	583.341	592.091	600.972
168	573.833	582.440	591.177	600.045	609.046
169	581.552	590.275	599.129	608.116	617.238
170	589.386	598.227	607.200	616.308	625.553
171	597.341	606.301	615.396	624.627	633.996
172	605.414	614.495	623.712	633.068	642.564
173	613.607	622.811	632.153	641.635	651.260
174	621.923	631.252	640.721	650.332	660.087
175	630.366	639.821	649.418	659.159	669.046
176	638.933	648.517	658.245	668.119	678.141
177	647.630	657.344	667.204	677.212	687.370
178	656.456	666.303	676.298	686.442	696.739
179	665.413	675.394	685.525	695.808	706.245
180	674.509	684.627	694.896	705.319	715.899
181	683.738	693.994	704.404	714.970	725.695
182	693.108	703.505	714.058	724.769	735.641
183	702.615	713.154	723.851	734.709	745.730
184	712.266	722.950	733.794	744.801	755.973
185	722.064	732.895	743.888	755.046	766.372

186	732.006	742.986	754.131	765.443	776.925
187	742.100	753.232	764.530	775.998	787.638
188	752.341	763.626	775.080	786.706	798.507
189	762.740	774.181	785.794	797.581	809.545
190	773.292	784.891	796.664	808.614	820.743

Launatafla RSÍ og LN 1. janúar 2021

Launafll.	Byrjun	e. 1 ár	e. 3 ár	e. 5 ár	e. 7 ár
137	409.785	415.932	422.171	428.504	434.932
138	414.520	420.738	427.049	433.455	439.957
139	419.323	425.613	431.997	438.477	445.054
140	424.200	430.563	437.021	443.576	450.230
141	429.150	435.587	442.121	448.753	455.484
142	434.174	440.687	447.297	454.006	460.816
143	439.271	445.860	452.548	459.336	466.226
144	444.449	451.116	457.883	464.751	471.722
145	449.702	456.448	463.295	470.244	477.298
146	455.032	461.857	468.785	475.817	482.954
147	460.445	467.352	474.362	481.477	488.699
148	465.938	472.927	480.021	487.221	494.529
149	471.514	478.587	485.766	493.052	500.448
150	477.172	484.330	491.595	498.969	506.454
151	482.917	490.161	497.513	504.976	512.551
152	488.746	496.077	503.518	511.071	518.737
153	494.826	502.248	509.782	517.429	525.190
154	501.001	508.516	516.144	523.886	531.744
155	507.269	514.878	522.601	530.440	538.397
156	513.631	521.335	529.155	537.092	545.148
157	520.089	527.890	535.808	543.845	552.003
158	526.640	534.540	542.558	550.696	558.956
159	533.291	541.290	549.409	557.650	566.015
160	540.042	548.143	556.365	564.710	573.181
161	546.895	555.098	563.424	571.875	580.453
162	553.852	562.160	570.592	579.151	587.838
163	560.912	569.326	577.866	586.534	595.332
164	568.079	576.600	585.249	594.028	602.938
165	575.350	583.980	592.740	601.631	610.655
166	582.734	591.475	600.347	609.352	618.492
167	590.227	599.080	608.066	617.187	626.445
168	597.833	606.800	615.902	625.141	634.518
169	605.552	614.635	623.855	633.213	642.711
170	613.386	622.587	631.926	641.405	651.026
171	621.341	630.661	640.121	649.723	659.469
172	629.414	638.855	648.438	658.165	668.037
173	637.607	647.171	656.879	666.732	676.733
174	645.923	655.612	665.446	675.428	685.559
175	654.366	664.181	674.144	684.256	694.520
176	662.933	672.877	682.970	693.215	703.613
177	671.630	681.704	691.930	702.309	712.844
178	680.456	690.663	701.023	711.538	722.211
179	689.413	699.754	710.250	720.904	731.718
180	698.509	708.987	719.622	730.416	741.372

181	707.738	718.354	729.129	740.066	751.167
182	717.108	727.865	738.783	749.865	761.113
183	726.615	737.514	748.577	759.806	771.203
184	736.266	747.310	758.520	769.898	781.446
185	746.064	757.255	768.614	780.143	791.845
186	756.006	767.346	778.856	790.539	802.397
187	766.100	777.592	789.256	801.095	813.111
188	776.341	787.986	799.806	811.803	823.980
189	786.740	798.541	810.519	822.677	835.017
190	797.292	809.251	821.390	833.711	846.217

Launatafla RSÍ og LN 1. janúar 2022

Launafll.	Byrjun	e. 1 ár	e. 3 ár	e. 5 ár	e. 7 ár
137	434.785	441.307	447.927	454.646	461.466
138	439.520	446.113	452.805	459.597	466.491
139	444.323	450.988	457.753	464.619	471.588
140	449.200	455.938	462.777	469.719	476.765
141	454.150	460.962	467.876	474.894	482.017
142	459.174	466.062	473.053	480.149	487.351
143	464.271	471.235	478.304	485.479	492.761
144	469.449	476.491	483.638	490.893	498.256
145	474.702	481.823	489.050	496.386	503.832
146	480.032	487.232	494.540	501.958	509.487
147	485.445	492.727	500.118	507.620	515.234
148	490.938	498.302	505.777	513.364	521.064
149	496.514	503.962	511.521	519.194	526.982
150	502.172	509.705	517.351	525.111	532.988
151	507.917	515.536	523.269	531.118	539.085
152	513.746	521.452	529.274	537.213	545.271
153	519.826	527.623	535.537	543.570	551.724
154	526.001	533.891	541.899	550.027	558.277
155	532.269	540.253	548.357	556.582	564.931
156	538.631	546.710	554.911	563.235	571.684
157	545.089	553.265	561.564	569.987	578.537
158	551.640	559.915	568.314	576.839	585.492
159	558.291	566.665	575.165	583.792	592.549
160	565.042	573.518	582.121	590.853	599.716
161	571.895	580.473	589.180	598.018	606.988
162	578.852	587.535	596.348	605.293	614.372
163	585.912	594.701	603.622	612.676	621.866
164	593.079	601.975	611.005	620.170	629.473
165	600.350	609.355	618.495	627.772	637.189
166	607.734	616.850	626.103	635.495	645.027
167	615.227	624.455	633.822	643.329	652.979
168	622.833	632.175	641.658	651.283	661.052
169	630.552	640.010	649.610	659.354	669.244
170	638.386	647.962	657.681	667.546	677.559
171	646.341	656.036	665.877	675.865	686.003
172	654.414	664.230	674.193	684.306	694.571
173	662.607	672.546	682.634	692.874	703.267
174	670.923	680.987	691.202	701.570	712.094
175	679.366	689.556	699.899	710.397	721.053

176	687.933	698.252	708.726	719.357	730.147
177	696.630	707.079	717.685	728.450	739.377
178	705.456	716.038	726.779	737.681	748.746
179	714.413	725.129	736.006	747.046	758.252
180	723.509	734.362	745.377	756.558	767.906
181	732.738	743.729	754.885	766.208	777.701
182	742.108	753.240	764.539	776.007	787.647
183	751.615	762.889	774.332	785.947	797.736
184	761.266	772.685	784.275	796.039	807.980
185	771.064	782.630	794.369	806.285	818.379
186	781.006	792.721	804.612	816.681	828.931
187	791.100	802.967	815.012	827.237	839.646
188	801.341	813.361	825.561	837.944	850.513
189	811.740	823.916	836.275	848.819	861.551
190	822.292	834.626	847.145	859.852	872.750